

## Íþróttahúsinu á Laugarvatni Laugardaginn 6. júní 2020

### Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta - en ég hvet þá sem vilja vita meira til að nýta sér heimsíðu skólans og hina ýmsu samfélagsmiðla.

**Skólinn var settur 21. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 15. maí.**

**Við upphaf haustannar voru skráðir 138 nemendur við skólann; 99 stúlkur og 38 piltar. 56 nemendur hófu nám í fyrsta bekk, 42 í öðrum bekk og 40 í þriðja bekk.**

**Á þessu vori gengust 130 nemendur undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 39 stúdentar. 17 af félags- og hugvísindabraut, 22 af náttúruvísindabraut.**

**Þá voru, við upphaf skólaársins, 38 starfsmenn við skólann, þar af 19 við kennslu og stjórnun.**

Skólastarfið í Menntaskólanum er fjölbreytt og fjörukt og margt er á dagskrá nemenda sem ekki fer fram í hefðbundinni kennslustofu. Nýnemavikunni lauk með hefðbundinni skírn og gleðigöngu og nýnemum fagnað, eins og vera ber.

Árlegur kynningardagur ML var haldinn í lok nóvember en þá bjóðum við grunnskólanemum af Suðurlandi að sækja okkur heim. Deginum lauk með söngkeppninni Blítt og létt þar sem Bergrún Anna Birkisdóttir frá Brekku í Rangárþingi Ytra bar sigur úr býtum og er handhafi Hljóðkútsins þetta skólaárið.

Fjöl margar ferðir voru farnar í tengslum við námið og má þar nefna árlega ferð á Njáluslóðir undir sérfróðri leiðsögn Óskars Ólafssonar, stjórnuskoðunarferð að Hótel Rangá og háskóla- og menningarkynningu sem nemendur 2. Bekkjar fengu í höfuðborginni. Nemar í næringar- og matvælafræðum fóru í vettvangsferð um matarkistuna Suðurland og kynntu sér gróskumikið starf matvælaframleiðenda og í nóvember fóru nemendur á fyrsta ári á málþing kynjafræðinema sem haldið var í húsnæði Kennaraháskólans í Stakkahlíð. Í mars fór nemendur 3. bekkjar sögu svo í heimsókn á Kvikmyndasafn Íslands og horfðu á Óskarsverðlaunamyndina Parasite í Bíó Paradís. Var það jafnframt hinna skólaferðalagið sem farið var á vorönninni.

Kennarar við ML eru duglegir að rækta sambönd við kollega sína erlendis og því fylgja oft skemmtilegar heimsóknir. Í september sóttu okkur heim 17 nemendur frá Sönderborg á Jótlandi í Danmörku og kynntu sér skólastarfið. Einnig er ML í Erasmus+ samstarfsverkefni við Pablo Picasso menntaskólann í Perpignan í Frakklandi og þetta árið var komið að frökkunum að heimsækja okkur. Í lok september heimsóttu okkur 14 franskir framhaldsskólanemendur ásamt þremur kennurum sínum en þema verkefnisins er jarðfræði. Það var ánægjulegt að geta boðið gestunum upp á spennandi staði til að skoða hér í nágrenninu en nemendur frá ML fóru til Perpignan haustið 2018.

Nemendur tóku þátt í ýmsum keppnum á skólaárinu. 4 nemendur frá ML hlutu önnur verðlaun í Stjórnunarkeppni framhaldsskólanna. Sindri Bernholt, nemandi í 2. bekk, komst í úrslit í landskeppni í líffræði og var á meðal 10 hæstu nemenda á landsvísu. Svo unnu tveir nemendur ML ritgerðasamkeppni á vegum Oddfellow og fá að launum ferð til New York og Washington með hópi evrópskra nemenda. Ferðinni hefur verið frestað um ár en þess er vert að geta að umfjöllunarefni keppinnar voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Stjórnarskipti í Nemendafélaginu Mími fóru fram í febrúar og er nýr stallari Kristján Bjarni Rossiter Indriðason frá Ysta-Koti í Rangárþingi Eystra.

Í ML er starfræktur einstaklega öflugur kór og í vetur voru 97 nemendur, eða um 75% nemenda í kórnum. Mikið var um að vera hjá kórnum nú sem endranær og þar ber hæst söngferðalag um Suðurland, kórbúðir að Varmalandi í Borgarfirði og jólatónleikar í Skálholti. Uppi á Langamel, sem er við gamla Gjábakkavegin, stendur yfir vistheimt sem ML, Bláskógaskóli á Laugarvatni og Skógrækt ríkisins vinna að og vonast er til að Langimelur verði að Langaskógi. Umhverfisnefnd ML og Bláskógaskóli á Laugarvatni hlutu svo í desember samfélagsstyrk Landsbankans fyrir þetta verkefni. Styrkur hlaust upp á 250.000 kr. sem ættu að duga verkefninu til kaupa á áburði, fræjum og plöntum næstu tvö árin. Skógrækt ríkisins og Yrkjusjóður hafa einnig styrkt verkefnið og vinna á svæðinu er hluti af jarðfræðiáfangi í ML.

Nemendur gerðu sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Þrautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var að þessu sinni haldin með glæsibrag í matsal skólans föstudaginn 13. mars.

Svo var það upp úr miðjum mars sem við gerðum heilmikla breytingu á skólastarfinu. Sem hluta af samfélagslegri tilraun voru nemendur sendir til síns heima og kennurum gert að koma í þá fróðleiknum, hæfninni og færninni í gegnum fjarfundabúnað. Vissulega reyndi mikið á bæði nemendur og kennara í þessum snöggu umskiptum en dugnaður og elja beggja hópa urðu til þess að fjarvinnan fór betur en við þorðum að vona. Stjórnendur skólans kunna kennurum sérstakar þakkir fyrir dugnað og bjartsýni á fordæmalausum tímum. Eins og glöggir hlustendur taka eftir vantar heilmikið upp á upptalningu í annál og ekki var hægt að ljúka öllum vorverkum sem skyldi og þó nokkrar hefðir sem ekki var hægt að heiðra. Kórónavírusinn setti svip sinn á heilmargt þetta misserið.

### **Ágætu verðandi nýstúdentar! Umsjónarnemendur.**

Ég vona að dvöl ykkar hér hafi verið góður undirbúningur fyrir það sem tekur á móti ykkur. Ég vona að þið takið öllum áskorunum opnum örmum, látið hvern dag skipta máli, að þið vandið ykkur í samskiptum við samferðafólkið, að þið aðstoðið minni máttar og standið ykkur með þryði í nýju námi. Þegar ykkur mistekst vona ég að þið standið styrkum fótum og reynið að nýju. Reynið aftur, reynið nýja leið.

Við þekkjumst vel og höfum staðið af okkur ýmislegt saman. Þið verðið mér ætíð kær og verkefnið sem við leystum saman á þessum þremur árum verða mér minnisstæð.

Útskriftardagurinn er alltaf blandinn fögnuði og söknuði. Nú sendum við ykkur af stað. Ready or not! Gangi ykkur allt í haginn og hjartans þakkir fyrir samveruna!

Jóna Katrín Hilmarsdóttir  
Áfangastjóri



**MENNTASKÓLINN  
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka